

LÖG

**um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
nr. 130/2011, með síðari breytingum (fjölgun nefndarmanna,
afgreiðsla kærumála eldri úrskurðarnefndar).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar níu menn í nefndina og sjö til vara.
- b. 4. og 5. málsl. orðast svo: Einn nefndarmanna skal vera staðengill forstöðumanns og varaformaður nefndarinnar. Hann skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður, hafa starfið að aðalstarfi og skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- c. Í stað orðanna „Einn skal“ í 9. málsl. kemur: Tveir skulu.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Formanni er heimilt að ákveða að úrskurðarnefndin starfi deildaskipt.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Staðengill forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem jafnframt er varamaður formanns úrskurðarnefndarinnar, skal hafa forgangsrétt til stöðu nefndarmanns sem er jafnframt varaformaður úrskurðarnefndarinnar, sbr. 4. og 5. málsl. 2. gr., með starfskjörum samkvæmt úrskurði kjararáðs. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um starfið.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal taka við og ljúka afgreiðslu þeirra kærumála sem eru óafgreidd hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Nr. 139

22. desember 2014

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 2014.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.

A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2014